

VIÐAR PALLAHREINSIR



Gerð: Vatnsþynnt hreinsiefni.

Notkunarvið: VIÐAR PALLAHREINSIR er ætlaður á viðarpalla utanhúss. Efnið er ekki ætlað á harðvið. Efnið er ætandi og getur m.a. skemmt gler, léttmálma og gróður. Fjarlægir gamla pallaolíu, fitu og flest önnur óhreinindi.

Eiginleikar: VIÐAR PALLAHREINSIR er vatnsþynnt afar áhrifaríkt hreinsiefni sem leysir upp gamla pallaolíu og nýtist vel ef lagfæra á flekkóttan pall eða til að skipta um lit.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Stofnar:	Á ekki við
Litir:	Glært
Gljástig:	Á ekki við
Efnisnotkun:	4-6 m ² /l
Pakningar:	2,5 ltr og 5,0 ltr
Áhöld:	Pensill, rúlla eða sprauta og stífur bursti.
Purrktími og yfirmálun:	Yfirmálun oftast næsta dag.
Eðlismassi:	~1,0 g/ml
Purrefni:	~10%
Geymsla:	Geymið í lokuðum umbúðum dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa. Geymist þar sem börn ná ekki til.
VOC:	Á ekki við

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

VERKLÝSING

- Undirbúningur:** Fjarlægjið alla lausamuni af pallinum og sópið ryki og öðrum óhreinindum af pallinum. Notið plastyfirbreiðslu til að verja gróður, veggi og aðra fleti sem ekki mega verða fyrir áhrifum efnisins.
- Notkunar aðstæður:** Heppilegast er að flöturinn sé yfir 5°C og ekki heitari en 25°C. Loftraki þarf að vera undi 80%. Bíðið með notkun ef búast má við rigningu eða ef aðstæður eru óhentugar fyrir notkun.
- Vinnutilhögun:**
1. Berið PALLAHREINSI óþynntan á með pensli, rúllu eða sprautu. Látið virkar í 15-30 mínútur. Haldið pallinum blautum með PALLAHREINSI.
 2. Burstið pallinn með stífum bursta þar til búið er að fjarlægja alla olfuna. Skolið svo með miklu köldu vatni.
 3. Mælt er með VIÐAR GRÁMAHREINSI eftir meðhöndlun með PALLAHREINSI ef fjarlægja á viðargráma og lýsa viðinn.
 4. Þegar að pallurinn er þurr (rakastig undir 18%); slípið létt með sandpappír; sópið sag í burtu og olíuberið með VIÐAR PALLAOLÍU.
- Þynnir:** Vatn. Þynnist ekki fyrir notkun.
- Hreinsun áhalda:** Með volgu vatni strax eftir notkun.
- Athugið:** Efnið er ætandi! Notið ávallt hlífðargleraugu, hanska og annan hlífðarfatnað. Efnið óvirkjast við þynningu með vatni, t.d. við þvott með háþrýstidælu. Hreinsirinn leysir ekki upp litarefni.